

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskör
Skeiða- og Gnúpverjahrepps, nr. 199/2006.

1. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. samþykktarinnar:
- Í 2. tölul. fellur niður orðið „byggðaráðs“.
 - Í stað „þremur sólarhringum fyrir fund“ í lok 2. málsl. 3. tölul. kemur: fimm sólarhringum fyrir fund.

2. gr.

13. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
- Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á heimasiðu hreppsins, auglysingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

3. gr.

- B-liður 51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
- Til fjögurra ára.** A fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
 - Aðalfundur Afréttamálafelags Flóa og Skeiða.* Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. ákvæði í fjallskilasamþykkt og lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
 - Almannavarnanefnd Sveitarfélagsins Árborgar og nágrennis.* Hreppsnefndir Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsness- og Grafningshrepps velja sameiginlega two fulltrúa og two til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 - Atvinnumála- og samgöngunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í atvinnumálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til hreppsnefndar.
 - Bókasafnsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 - Byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samningi sveitarfélaganna um sameiginlega byggingarnefnd.
 - Félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og samningi sveitarfélaganna um sameiginlega félagsþjónustu.
 - Fjallskilanefnd Gnúpverjafréttar.* Hreppsnefnd fer með verkefni fjallskilanefndar samkvæmt lögum um afréttamálefni nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu nr. 472/1991.
 - Fulltrúaráð Brunavarna Árnessýslu.* Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samþykktum Brunavarna Árnessýslu.
 - Héraðsnefnd Árnesinga.* Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samningi um héraðsnefnd.
 - Húsnaðisnefnd.* Hreppsnefnd fer með verkefni húsnaðisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um húsnaðismál nr. 44/1998.
 - Hússtjórn Þjóðveldisbæjar í Þjórsárdal.* Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt máldaga um Þjóðveldisbæinn, dags. 19. júlí 2002.

Nr. 373

13. apríl 2007

12. *Jafnréttisnefnd.* Hreppsnefnd fer með verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
13. *Landsping Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. lög sambandsins.
14. *Ráðgjafanefnd um friðun Þjórsárvera.* Einn fulltrúi og einn til vara.
15. *Ráðgjafarnefnd fasteigna.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
16. *Skipulagsnefnd.* Hreppsnefnd fer með verkefni skipulagsnefndar samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
17. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
18. *Skólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
19. *Skólanefnd Flúðaskóla.* Tveir fulltrúar og tveir til vara samkvæmt samkomulagi við Hrunamannahrepp.
20. *Stjórn heilsugæslustöðvar Laugarásslæknishéraðs.* Sveitarstjórnir uppsveita Árnessýslu kjósa þrjá fulltrúa skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
21. *Veitustjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
22. *Þjónustuhópur aldraðra.* Starfar skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og í honum skal vera einn sameiginlegur fulltrúi fyrir sveitarfélög sem aðild eiga að Laugarásslæknishéraði. Samkvæmt erindisbréfi sameiginlegrar félagsmálanefndar uppsveita Árnessýslu skal formaður hennar vera fulltrúi sveitarfélaganna sem að henni standa í umboði sveitarstjórnna á heilsugæslusvæðinu.
23. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og öðrum lögum.
24. *Yfirkjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. apríl 2007.

F. h. r.
Guðjón Bragason.

Stefania Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 2. maí 2007